




Reykjavík, 26. janúar 2023

Varðar: Tjarnargata 41 – fyrirspurn

Lögð fram fyrirspurn Sigurrósar Alice Svöluóttur og Sverris Guðmundssonar, dags. 12. desember 2022, um að breyta skráningu bílskúra á lóð nr. 41 við Tjarnargötu í geymslur. Einnig lagður fram uppdr. dags. 15. apríl 2022.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Götumynd

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda 18. janúar 2022. Samkvæmt aðalskipulagi er lóðin og byggingin á Tjarnargötu 41 staðsett á íbúðarsvæði, ÍB9 Tjarnargata.

Deiliskipulag: Ekkert deiliskipulag er í gildi á lóðinni.

Umsögn

Húsið á lóð nr. 41 við Tjarnargötu er 13 við Eiríksgötu er steinsteypt fjölbýlishús, byggt árið 1939 skv. fasteignaskrá. Á lóðinni eru tveir, sambyggðir bílskúrar. Óskað er álits skipulagsfulltrúa á hvort heimilt sé að breyta skráningu bílskúra í geymslur.

Íbúar hyggjast sækja um íbúakort fyrir bílastæði í götu en fá synjun frá Bílastæðasjóði vegna bílskúra á lóð. Að sögn íbúa nýtast bílskúrararnir ekki sem skyldi vegna þess hve þröng aðkoman er að þeim. Vegna þess hafa þeir verið notaðir sem geymslur árum saman. Ósk íbúa er að skráningu þeirra verði breytt í geymslu svo íbúðar geti sótt um íbúakort án þess að bílskúrar, sem þeir geta ekki nýtt fyrir bíla, komi í veg fyrir það.

Ekki er amast við breyttri skráningu á bílskúrum í geymslur.

Niðurstaða

- Fallist er á að heimilt sé að breyta bílskúr í geymslu.
- Sækja þarf um byggingaleyfi fyrir breytingunum.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Sigríður Lára Gunnarsdóttir, verkefnastjóri